



# Jarðtæknifélag Íslands

Stofnað 18. október 1978

ICELANDIC GEOTECHNICAL SOCIETY

## Lög JTFÍ Jarðtæknifélag Ísland

Stofnað 18. október 1978

### **1. grein, nafn félagsins**

Félagið heitir Jarðtæknifélag Íslands, skammstafað JTFÍ og á ensku Icelandic Geotechnical Society, skammstafað IGS. Varnarþing félagsins er í Reykjavík.

### **2. grein, markmið og tilgangur**

Félagið er opið áhugamannafélag aðila sem starfa á sviði jarðtækni, bergtækni og mannvirkjajarðfræði. Markmið félagsins er að:

- vekja athygli á jarðtæknilegum rannsóknum við mannvirkjagerð og þar innifalið er bergtækni og mannvirkjajarðfræði.
- stuðla að öflun og miðlun þekkingar á sviði jarðtækni og koma á framfæri, t.d. með netmiðlun, fundum, námskeiðum og greinaskrifum.
- efla samskipti fagmanna sem starfa á jarðtæknisviðinu.

### **3. grein, samtök**

Félagið er aðili að eftirtöldum samtökum:

- ISSMGE, International Society for Soil Mechanics and Geotechnical Engineering,
- IAEG, International Association of Engineering Geology.
- ISRM, International Society of Rock Mechanics.
- NGM Norræna jarðtæknisambandið

### **4. grein, aðalfundur**

Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. maí ár hvert og skal til hans boðað með tölvupósti, bréfi eða öðrum jafntryggum hætti til allra félagsmanna með minnst viku fyrirvara.

Í fundarboði skal greina dagskrárefni, tillögur að lagabreytingum og aðrar tillögur sem ætlað er að bornar verði undir atkvæði á fundinum. Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

Jarðtæknifélag Íslands  
ICELANDIC GEOTECHNICAL SOCIETY



## **5. grein, félagsgjöld**

Félagsgjöld skal ákveða fyrir hvert ár á aðalfundi þess árs.

## **6. grein, dagskrá aðalfundar**

Á aðalfundi skulu eftirtalin mál tekin fyrir:

- 1 Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
- 2 Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár.
- 3 Skýrslur og tillögur nefnda, ef kjörnar hafa verið.
- 4 Tillögur félagsstjórnar.
- 5 Lagabreytingar.
- 6 Kjör félagsstjórnar.
- 7 Kjör skoðunarmanna félagsreikninga
- 8 Önnur mál.

## **7. grein stjórn félagsins**

Stjórn félagsins er skipuð sjö félagsmönnum. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmeðlimir skulu kosnir til tveggja ára í senn, þannig að þrír ganga úr stjórn ár hvert. Stjórnin kys varaformann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum. Forfallist formaður á kjörtímabilinu, tekur varaformaður sæti hans.

## **8. grein skoðunarmenn reikninga**

Félagskjörnir skoðunarmenn reikninga skulu vera tveir og einn til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til eins árs í senn.

## **9. grein, lagabreytingar**

Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar, sem leggja á fyrir aðalfund, skulu birtar í fundarboði. Til samþykktar á lagabreytingum þarf að lágmarki 2/3 greiddra atkvæða. Lagabreytingar skulu birtar félagsmönnum á heimasíðu félagsins.



## **10. grein stjórnarfundir**

Félagsstjórn heldur fund, þegar formaður ákveður eða einhverjir stjórnarmanna óska þess. Formaður stýrir stjórnarfundum. Ritari skráir gerðir stjórnar. Gjaldkeri varðveitir sjóð félagsins samkvæmt nánari ákvörðun félagsstjórnar eða aðalfundar. Gjaldkeri sér um reikningshald og reikningsskil.

Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meiri hluti stjórnar er mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórn félagsins getur ákveðið að fram skuli fara allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um tiltekin málefni.

## **11. grein, félagatal**

Félagsstjórn skal halda skrá um félagsmenn og greina í aðalfélag og deildir alþjóðafélaga. Kosningarétt um málefni félagsins á löglega boðuðum fundum þess hafa þeir félagsmenn sem staðið hafa skil á félagsgjöldum viðkomandi starfsárs.

## **12. grein, félagsfundir**

Félagsfundi skal halda, þegar stjórnin telur þess þurfa eða 10 félagsmenn krefjast þess skriflega. Boði stjórn ekki til fundar innan 10 daga frá því slík krafa berst, geta þeir sem fundar óska boðað til hans sjálfir.

## **13. grein, félagsslit**

Félaginu verður aðeins slitið að félagsslitin séu samþykkt með sama hætti og lagabreytingar. Þriðjungur atkvæðisbærra félagsmanna á lögmætum aðalfundi getur krafist allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna um það hvort slíta skuli félaginu.

Félagsslitafundur tekur ákvörðun um ráðstöfun á eignum félagsins.

Samþykkt á stofnfundi 18. október 1978 (þá nefnt Mannvirkjajarðfræðafélag Íslands).

Síðast breytt á aðalfundi 29. apríl 2014.